

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Arinbjörn Vilhjálmsson,  
Skipulagsstjóri  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

④ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 28. mars 2008  
Tilvísun: UST20080100172/sf

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 vegna færslu nýs  
Álftanesvegar og byggðar á Garðaholti**

Vísað er til erindis Garðabæjar dags. 29. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Ný lega Álftanesvegar breytist, þannig að kafli frá hraunkanti Gálgahrauns til vesturs, færst sunnar en áður hafði verið fyrirhugað og fer inn á svæði fyrir blandaða byggð. Við breytinguna verða því byggingarsvæði beggja vegna við Álftanesveg og er gert ráð fyrir tveimur veggtingum á milli þeirra, um veginn. Lega stíga breytist í samræmi við ofangreindar breytingar.

Í greinargerð með skipulagstillögum kemur fram að markmiðið með breytingunum er að nýta betur núverandi vegstæði Álftanesvegar. Það sé gert með því að færa nýjan Álftanesveg suður fyrir austasta hluta jarðarinnar Selskarð. Einnig kemur fram í greinargerðinni að Vegagerðin eigi landið þar sem núverandi vegur liggar gegnum Selskarðsland og verði sá veghluti endurbyggður í sama vegstæði. Nýr vegur verði því alfarið í landi Garðabæjar og Vegagerðarinnar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

**Eldhraun**

Í umhverfisskýrslu segir m.a. um áhrif breytrar legu Álftanesvegar og byggðar á eldhraun: „*Færsla vegarins í suðurátt, mun hafa i för með sér rask á nokkru úfnara hrauni í vesturjaðri Garðahrauns en gert er ráð fyrir í nágildandi aðalskipulagi. Á afmörkuðu svæði munu breytingar á aðalskipulaginu því hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Á móti kemur að lengd veglinu um hraunnið styttist og ekki er um að ræða jarðmyndanir sem eiga engan sinn líka annars staðar í hrauninu. Áhrif byggðar á eldhraun verða óveruleg því að byggðin verður vestan þess.*”

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt svörum sveitarfélagsins við athugasemendum við auglýst aðalskipulag á sínum tíma var við val á vegarstæði í hrauninu leitast við að hafa það að leiðarljósi að fara um sléttasta hluta hraunsins. Í svörum við athugasemendum sagði m.a.: „*Mögulegt er að færa veginn um 200-220 m til suðurs, en það myndi leiða til þess, að farið yrði yfir fallegrí hraunmyndanir en ella. Á því svæði yrði að gera allbreitt öryggissvæði utan vegar með tilheyrandi spjöllum á hrauninu, þar sem hraunið meðfram vegstæðinu er mjög úfið og því slysavaldur við útakstur.*” Sú breyting sem nú er gerð virðist vera í ósamræmi við fyrri rök fyrir staðsetningu vegarins.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum nýs Álftanesvegar og lengingu Vífilsstaðavegar kom fram að í Gálghrauni eru hraunmyndanir sem eru fyrirmyn dir í málverkum Jóhannesar Kjarvals. Gæta þarf að því að þessum hraunmyndunum verði hlíft við raski.

Umhverfisstofnun (áður Náttúruvernd ríkisins) hefur við umfjöllun um fyrirhugaðan Álftanesveg samkvæmt mati á umhverfisáhrifum og endurskoðun á aðalskipulagi Garðabæjar ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að lega nýs vegar eigi að miðast við að sem mest verði eftir af Gálghrauni sem óraskaðri og samfelldri heild. Stofnunin telur því að ef ástæða er til að endurskoða áform um legu nýs Álftanesvegar eigi að athuga með að leggja veginn samkvæmt þeim leiðum sem liggja sunnar í hrauninu.

### Fuglalíf

Í umfjöllun um áhrif á fuglalíf í umhverfisskýrslu segir m.a. að stærð og staðsetning svæðis sem fari undir veg og byggð sé nokkurn veginn sú sama og áður var gert ráð fyrir en munurinn liggi í staðsetningu vegarins. Þar segir einnig: „*Hugsanlegt er að byggð og mannaferðir um göngustíga ofan við byggðina geti truflað fugla í nágrenni Lambhúsatjarnar. Í nágildandi aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að umferð um göngustíga verði takmörkuð á vissum árstínum. Með ofangreint í huga eru leiddar líkur að því að breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar muni hafa óveruleg áhrif á fuglalif.*”

Samkvæmt aðalskipulagstillöggunni er stofnstígur næst ströndinni, norðan byggðarinnar, en slíkir stígar eru skilgreindir með eftirfarandi hætti í aðalskipulagi Garðabæjar:

„*Stofnstígar eru megin göngu- og hjólateiðir sem mynda samhangandi net. Stígarnir eru yfirleitt malbikaðir í a.m.k. 2.5 m breidd, raflystir og merktir þannig að auðvelt er að átta sig á hlutverki þeirra. Óverun yfir stofn- og tengibrautir er að jafnaði um göng eða á brúm.*” Umhverfisstofnun telur ekki ljóst hvernig takmarka eigi umferð um slíka stíga á vissum árstínum.

Í greinargerðum um fuglalíf sem unnar voru vegna mats á umhverfisáhrifum nýs Álftanesvegar og lengingu Vífilsstaðavegar kemur fram að talsvert kríuvarp er vestan Gálghrauns og nær það suður á Garðaholt. Það varp er þó nær allt innan byggðar sem fyrirhuguð er samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar. Umhverfisstofnun telur þó að í umhverfisskýrslu hefði átt að fjalla um áhrif breyttrar legu Álftanesvegar á varpsvæði kríu.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er fjölbreytt fuglalíf á því svæði sem skipulagstillagan nær til. Umhverfisstofnun telur ljóst að nýr Álftanesvegur sem slíkur muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á fuglalíf miðað við þau áhrif sem fyrirhuguð byggð mun hafa, svo fremi að hann liggi ekki of nálægt ströndinni. Samanlögd áhrif byggðar og nýs vegar verða þó mikil. Stofnunin telur mikilvægt að ef gert verður ráð fyrir byggð norðan Álftanesvegar verði þess gætt að byggð og göngustígar liggi ekki of nærrí ströndinni og alls ekki nær en Álftanesvegur samkvæmt nágildandi aðalskipulagi Garðabæjar. Í því sambandi er vert að hafa í huga að akvegur skiptir minna máli en göngustígar hvað varðar truslun á fuglalífi. Benda má á að við Selskarð liggar núverandi vegur við sjávarfit. Margæsir nýta fitina á meðan bílar eru þar á ferð en fælast oft undan ef stoppað er og fara ef gengið er framhjá.

### Gróður

Í umhverfisskýrslu segir m.a. um áhrif á gróður: „*Gróður er fjölbreyttari eftir því sem hraunið er úfnara. ... Ekki fannst nein sjaldgæf tegund gróðurs eða tegund á válista á eða i nágrenni vegarstæðis Álftanesvegar samkvæmt nágildandi aðalskipulagi, leið D.*” Í greinargerð um flóru og gróður á fyrirhuguð vegarstæði á Álftanesi kom fram að gildi Gálghrauns hvað gróður varðaði fælist gróður fyrst og fremst í mikilli tegundaauðgi og því hversu fjölbreyttan gróður þar væri að finna. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umhverfisskýrslu með skipulagstillöggunni að breytingar á aðalskipulaginu gætu haft neikvæð áhrif á hraungróður þar sem gróður í hrauninu er almennt fjölbreyttari þar sem hraunið er úfnara.

### Annað

Við auglýsingu á tillögu að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 1995 – 2015 komu m.a. fram

athugasemdur varðandi nýja legu Álftanesvegar. Í svörum sveitarfélagsins við þeim athugasemdum sagði m.a. (sbr. fylgiskjal með mati á umhverfisáhrifum nýs Álftanesvegar):

„*Astæður þess að Álftanesvegar er færður eru einkum tvær. Í fyrsta lagi tengjast hluta Álftanesvegar í dag um 15 hús og gætu þau orðið allt að 30 á fullbyggðu svæðinu. Um er að rœða margar tengingar inn á vegginn. Þegar Garðaholt og Bessastaðahreppur eru fullbyggð, er áætlað, að umferð á Álftanesvegi verði um 17.000 bílar/sólarhring. Er augljóst, að ekki er unnt að tengja þessi hús við númerandi Álftanesveg í framtíðinni, og verður hann því að færast, og gamli vegurinn verður þá safngata fyrir húsin. Í öðru lagi er gert ráð fyrir stækkan byggingarsvæðisins á Garðaholti vestan hraunjaðarins, og er óeðlilegt, að vegurinn kljúfi byggðina í sundur, og er því heppilegt, að hann liggi norðan byggðarinnar*“ [leturbreyting UST].

Fyrirliggjandi tillaga um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar er í ósamræmi við framangreindan rökstuðning fyrir legu vegarins enda er nú gert ráð fyrir byggð beggja vegna vegarins.


Umhverfsstofnun telur að skýra verði hvers vegna nú er talið ásættanlegt að vegurinn kljúfi byggðina í tvennt.


### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ljóst að framangreind breyting á aðalskipulagi Garðabæjar er varðar færslu nýs Álftanesvegar og byggð á Garðaholti hafi ekki í för með sér minni umhverfisáhrif en núgildandi aðalskipulag. Stofnunin hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að leggja ætti áherslu á endurbyggingu númerandi Álftanesvegar en að öðrum kosti velja leiðir sem liggja sunnar í Gálgahrauni til að vernda hraunið sem mest sem eina heild. Umhverfisstofnun leggur til að þar sem fyrirhugað er að breyta legu Álftanesvegar frá núgildandi aðalskipulagi Garðabæjar verði athugað með frekari færslu vegarins og breytingu á afmörkun byggðar með það að markmiði að hlífa Gálgahrauni sem mest við raski og vernda það sem eina heild eins og kostur er. Jafnframt ætti að skoða svæðið í heild sinni m.t.t. áhrifa á fuglalíf.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Sigurður Friðrikssdóttir

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun.